

# Endurvinnslutunnan kemur í júní



Í byrjun júní fá íbúar Snæfellsbæjar endurvinnslutunnu við hvert heimili. Þá verða tvær tunnur við hvert hús í stað einnar, ein fyrir almennt sorp og önnur fyrir flokkað, svokölluð „græn tunna“.

Breyting verður á núverandi fyrirkomulagi á sorphirðu og í stað þess að sorpið sé tekið á 10 daga fresti þá verður það gert á 14 daga fresti og „græna tunnan“ verður tæmd einu sinni í mánuði.



**SNÆFELLSBÆR**

*Þar sem jökullinn ber við loft...*



EARTHCHECK  
SILVER CERTIFIED  
2012

# Endurvinnslutunnan kemur í júní



Íbúar Snæfellsbæjar fá afhenta endurvinnslutunnu í byrjun júní, tunnan verður þaðan í frá á ábyrgð íbúa. Tryggja þarf að endurvinnslutunnan eins og tunnan fyrir almennt sorp, fjúki ekki í slæmum veðrum.



Hægt er að kaupa festingar m.a. hjá Vélsmiðju Árna Jóns í Rífi.

Moka þarf snjó frá tunnum að vetrarlagi.

Mjög mikilvægt er að tunnunum verði komið fyrir sem næst lóðarmörkum við götu til að auðvelda losun.



**SNÆFELLSBÆR**

*Þar sem jökullinn ber við loft...*



EARTHCHECK  
SILVER CERTIFIED  
2012

# Endurvinnslutunnann

Í Endurvinnslutunnuna með græna lokinu má setja eftirfarandi flokka:

## Sett laust og beint í tunnuna



Dagblöð og tímarit.



Skrifstofupappír, bæklingar, umslög og ruslpóstur.



Sléttur pappi/bylgjupappi s.s. hreinir pizzukassar og morgun kornspakkar.



Rafhlöður í sérmerktum bláum plastpokum.

## Sett í poka (helst glæra), hver flokkur fyrir sig



Málmur s.s. niðursuðudósir og lok af glerkrúkkum.



Fernur.



Plastumbúðir s.s. sjampóbrúsar, plastdósir og plastpokar.



## Eftirfarandi fylgir Endurvinnslutunnunni:

Með Endurvinnslutunnunni fylgir kassi til söfnunar á pappír innanhúss, kassi og bláir pokar fyrir rafhlöður.



Endurvinnslutunnann verður losuð einu sinni í mánuði



**SNÆFELLSBÆR**  
*Þar sem jökullinn ber við loft...*



EARTHCHECK  
SILVER CERTIFIED  
2012

# Sorpflokkun



## Í almennu tunnuna með gráa lokinu má setja:

Allan almennan heimilisúrgang, matarleifar, kaffikorg, matarsmitaðan pappír og plast, samsettar umbúðir (áleggsbréf, ostabox, tannkremstúpur og fleira). Einnig glerlát, ryksugupoka, bleiur og dömubindi, úrgang frá gæludýrahaldi.

Almenna tunnan verður losuð á tveggja vikna fresti.



Endurvinnslutunnan verður losuð einu sinni í mánuði.

Nauðsynlegt að rétt sé flokkað í tunnurnar því mistök við flokkun geta skemmt heilu farmana af endurvinnsluefnum.



**SNÆFELLSBÆR**

*Þar sem jökullinn ber við loft...*



EARTH CHECK  
SILVER CERTIFIED  
2012